

Ed. 105. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ingi Tryggvason, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný gr., sem verður 10. gr., svo hljóðandi:
Ríkisútvarpinu er skylt að leggja áherslu á að koma fullnægjandi hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna og til sjómanna á fiskimiðunum í kringum landið, eins og tæknilega og fjárhagslega er talið kleift.

Ríkisútvarpið skal láta gera og leggja fram áætlun til þriggja ára í senn um framkvæmdir þessar.

Til þessara framkvæmda skal varið fjármagni því, sem fæst samkvæmt 17. gr., að viðbættu fjármagni, sem veitt er til slíkra framkvæmda af öðrum tekjum Ríkisútvarpsins og á fjárlögum.

2. gr.

Á eftir núverandi 15. gr. laganna, sem verður 16. gr., komi ný grein, sem verður 17. gr., svo hljóðandi:

I því skyni að hraða framkvæmdum samkvæmt 10. gr. skal:

- a) Leggja 10 af hundraði viðaukagjald á afnotagjald af hljóðvarpstækjum, eins og það er ákveðið hverju sinni vegna annarra fjárþarfa Ríkisútvarpsins, og skal því fjármagni varið til framkvæmda á sviði hljóðvarps.
- b) Leggja 10 af hundraði viðaukagjald á afnotagjald af sjónvarpstækjum, eins og það er ákveðið hverju sinni vegna annarra fjárþarfa Ríkisútvarpsins, og skal því fjármagni ráðstafað til framkvæmda á sviði sjónvarps.

Gjald þetta skal ekki innheimt eftir að framkvæmdum er lokið skv. 10. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 29. nóvember 1974, voru alþingismönnum sendar áætlanir Póst- og símamálastjórnarinnar um:

- a) Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland.
- b) Framkvæmdir við sjónvarpsdreifikerfið.
- c) Framkvæmdir við hljóðvarpsdreifikerfið.

Í áætlunum þessum er að finna ítarlegar upplýsingar um hljóðvarps- og sjónvarpsskilyrði á landi og á sjó umhverfis Ísland. Verður hér á eftir dregið á nokkrar meginniðurstöður, en að öðru leyti vísað til áætlana.

Móttöku hljóðvarps er víða mjög ábótavant. Einkum hafa kvartanir verið tíðar frá Austfjörðum og öðrum fjarlægum landshlutum. Kveður oft svo rammt við, að hljóðvarpssendingar nást ekki tímum saman vegna slæmra móttökuskilyrða og truflana frá öðrum sterkum stöðvum.

Í áætlunum Póst- og símamálastjórnarinnar er þetta staðfest. Er lagt til að komið verði upp FM-kerfi og nýjum langlínu- og miðbylgjusendi á Austurlandi. Auk þess er nauðsynlegt að endurnýja möstur sendistöðvarinnar á Vatnsenda, en það fellur að sjálfsögðu undir eðlilegt viðhald hljóðvarpskerfisins.

Samkvæmt frumáætlun, sem gerð er í október 1974, yrði heildarkostnaður við endurbæturnar 650 millj. kr., en 415 millj. kr. að frádrægnum kostnaði við sendistöðina á Vatnsenda.

Í áætlun um framkvæmdir við sjónvarpsdreifikerfið kemur fram, að 98.5 af hundraði þjóðarinnar hafi nú möguleika á viðunandi móttöku sjónvarps. Vegna þeirra, sem ekki ná útsendingu, er talið að reisa þurfi 14 stöðvar, sem hver getur þjónað 8 eða fleiri notendum. Til viðbótar er gert ráð fyrir 150 stöðvum, sem þjónað gætu frá 1 upp í 7 notendum. Auk þess er talið nauðsynlegt að ljúka við ýmsar bráðabirgða endurvarpsstöðvar og fleira.

Ítarleg áætlun fylgir um sjónvarpsdreifikerfi fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland. Segir þar, að staðsetning núverandi sjónvarpsstöðvar sé ekki slík, að það geti komið að miklu gagni fyrir miðin. Til þess að ná út í 25—30 sjómílur þarf aukinn sendistyrk og stöðvarnar þurfa að vera í 300—600 m hæð við ströndina. Í þessu skyni eru í áætluninni ráðgerðar 7 nýjar stöðvar og endurbætur á 5 núverandi stöðvum.

Kostnaður er áætlaður við umræddar endurbætur á sjónvarpskerfinu. Fylgir sú áætlun í meðfylgjandi töflu.

Í áætlun þessari eru taldir ýmsir liðir, sem varla geta talist til þess verkefnis, sem hér um ræðir, að koma sjónvarpssendingum til þeirra landsmanna, sem ekki njóta sjónvarps nú. Að koma örbylgjusambandi og varasendum hlýtur að teljast til eðlilegrar þróunar sjónvarpskerfisins. Heildarkostnaðinn mætti þannig lækka í u. þ. b. 1000 millj. króna, en það er á verðlagi haustið 1974.

Á undanförunum árum hafa verið fluttar fjölmargar þingsályktunartillögur um útbreiðslu sjónvarps til þeirra staða, sem ekki njóta þess nú. Árangurinn hefur orðið lítil af þesum málflutningi. Framkvæmdir á þessu sviði hafa verið litlar sem engar síðustu árin. Þeir fáu, sem eftir eru, virðast gjarnan gleymast.

Flutningsmönnum þessa frumvarps þykir ljóst, að úr þessu verði ekki bætt nema með því að tryggja sérstakt fjármagn til slíkra framkvæmda. Því er horfið að því ráði að flytja frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum. Meginefni þessa frumvarps er það að gera útvarps- og sjónvarpseigendum skylt að greiða 10 af hundraði viðaukagjald af afnotagjaldi af þessum tækjum og renni þær tekjur óskiptar til þess að koma sjónvarps- og hljóðvarpssendingum til þeirra, sem ekki ná þeim í dag, eða bæta þar sem móttakan er óviðunandi.

Afnotagjald af hljóðvarpi er í dag 3 800 kr. á ári, en af sjónvarpstæki 8 400 kr. á ári. Hér er því um að ræða 380 kr. á ári af hljóðvarpstæki og 840 kr. af sjónvarpstæki. Það er sannfæring flutningsmanna, að þeir islendingar, sem njóta þessara lífsgæða í dag, muni ekki sjá eftir því að greiða slíkt gjald til þess að tryggja þeim fáu, sem eftir eru, aðstöðu til þess að njóta einnig sömu lífsgæða, sem og sjómönnum á fiskimiðum umhverfis landið.

Heildartekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjaldi af hljóðvarpi eru á árinu 1976 áætlaðar um 240 milljónir kr. Umrætt viðaukagjald yrði þá 24 milljónir kr. af hljóðvarpstækjum.

Afnotagjöld af sjónvarpstækjum eru samtals áætluð um 400 milljónir kr. Viðaukagjald af sjónvarpstækjum yrði því um 40 milljónir kr.

Flutningsmenn gera ráð fyrir því, að viðaukagjald af hljóðvarpi renni til framkvæmda á sviði hljóðvarps og á sama máta viðaukagjald af sjónvarpstækjum til framkvæmda á því sviði. Einnig er gert ráð fyrir því, að gjaldstofn þessi falli niður þegar umræddum framkvæmdum er lokið, þannig að landsmenn allir njóti á sambærilegan máta hljóðvarps- og sjónvarpsendinga.

Ofangreint fjármagn hrekkur að visu skammt. Það ætti þó að tryggja, að nokkur hreyfing komist á þessi mál. Auk þess verður að telja það sjálfsagða skyldu ríkisvaldsins og Ríkisútvarpsins að leggja nokkuð af mörkum af fjárlögum og öðrum tekjum stofnunarinnar til slíkra framkvæmda. Eðlilegt er, að áætlun sé gerð um þessar framkvæmdir og að því stefnt að ljúka þeim að mestu á næstu 4—5 árum. Kemur að sjálfsögðu til greina að hraða framkvæmdum með lánsfé, sem síðan endurgreiðist af þeim tekjustofni sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Það er skoðun flutningsmanna, að það verkefni á sviði hljóðvarps og sjónvarps að koma útsendingum til allra íslendinga á landi og sjó eigi að ganga fyrir flestum öðrum framkvæmdum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er von þeirra, að samþykkt þessa frumvarps leiði til þess, að svo verði.

Yfirlitsáætlun um framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps.

Allar upph. eru
í millj. kr.

A. Aðkallandi verkefni við bráðabirgða endurvarpsstöðvar (sjá meðfylgjandi sundurliðun)	22.9
B. Önnur verkefni við bráðabirgða endurvarpsstöðvar (sjá meðfylgjandi sundurliðun)	31.8
C. Örbylgjusambönd við aðalstöðvar dreifikerfisins (sjá meðfylgjandi sundurliðun)	110.0
D. Nýjar stöðvar, hver fyrir fleiri en 8 notendur (sjá tillögur um nýjar stöðvar I)	49.5
E. Nýjar stöðvar hver fyrir færri en 8 notendur	220.0
F. Mælitæki vegna litasjónvarps	15.0
G. Varasendar og viðtæki á helstu stöðvar dreifikerfisins	160.0
H. Varatæki á örbylgjuleiðum	24.0
I. Útskiptingar og endurnýjun á árunum 1976—1979	25.0
J. Sjónvarp fyrir fiskimiðin: Aðalstöðvar, endurvarpsstöðvar og nauðsynleg örbylgjusambönd (gróf áætlun)	650.0
Samtals um 1 310 millj. kr.	